

Ed.

216. Breytingartillögur

[4. mál]

við frv. til laga um ráðstafanir í sjávarútvegi og um ráðstöfun gengishagnaðar.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar (StJ, JÁH).

1. 1. gr. falli niður.
2. 2. gr falli niður.
3. 3. gr. falli niður.
4. 4. gr. falli niður.
5. Staflíðir 9. gr. orðist svo:
 - a) Til þess að greiða hluta gengistaps vegna erlendra skulda eigenda fiskiskipa 600 millj. kr.

Fiskveiðasjóði er heimilt að ráðstafa 300 millj. kr. af þessari fjárhæð, samkvæmt reglugerð er hann setur og ráðherra staðfestir, til lánveitinga í sjávarútvegi til 2—3 ára til að bæta lausafjárstöðu fyrirtækja, enda verði krafist öruggra trygginga fyrir lánnum þessum.
 - b) Styrkur til bátaflotans vegna rekstrarerfiðleika á tímabilinu frá 1. jan. til 1. sept. 1974 250 millj. kr.

Styrkuppheðinni verði skipt þannig, að 40% hennar verði ráðstafað einvörðungu með tilliti til mannúthaldsdaga og 60% í samræmi við reglur er Aflatryggingasjóður setur, þar sem tekið verði tillit m. a. til aflamangs og lágmarkstekna, sem skipið þarf að hafa til að geta greitt kauptryggingu, enda hafi kaupgreiðslur til sjómanna forgang.

Allir fiskibátar, án tillits til stærðar, skulu hljóta styrk samkvæmt ákvæðum þessa staflíðs.
 - c) Styrkur til skuttogara verði 230 millj. kr. og miðist við fjölda úthaldsdaga.
 - d) Til lífeyrissjóða sjómanna 80 millj. kr., m. a. til þess að verðbæta lífeyrisgreiðslur til aldraðra sjómanna og ekkua, samkv. reglum, er stjórnir sjóðanna setja.
 - e) 20 millj. kr. til sjómannasamtakanna, til byggingar orlofshúsa og annarra félagsmála, eftir nánari ákvörðun stjórnar samtakanna.
 - f) Eftirstöðvum verði ráðstafað með sérstökum lögum af Alþingi síðar, þegar nákvæmari upplýsingar liggja fyrir um stöðu sjávarútvegs og fiskvinnslu.